

Fyrirkomulag við vaktaskemagerð fyrir námslækna á lyflækningasviði LSH

Við hlökkum mikið til þess að taka upp nýtt rafrænt kerfi til að halda utanum vaktaskemagerð á lyflækningasviði (www.amion.com) og vonumst til að það auki yfirsýn námslækna yfir bæði dagvinnu og vaktaskipulagi.

Vaktaskemagerð er í höndum Jóhönnu Erlingsdóttur, Ragnhildar Nielsen og Gerðar Helgadóttur og Ingu Sifjar Ólafsdóttur.

Inga Sif sér um að úthluta teyllum (ingasif@landspitali.is), Jóhanna (johanner@landspitali.is) setur vaktaskemað upp í AmlOn (amion.com) vaktaskemakerfinu og Ragnhildur (ragnhn@landspitali.is) sér um að setja klasana upp á workplace og senda ýmsar tilkynningar og pósta tengda vaktaskemagerðinni.

Gerður Helgadóttir tekur við tilkynningum um vaktaskipti og sér um Vinnustundina fyrir námslækna, kandídata og læknanema á lyflækningasviði.

Vaktaskemagerð á öldrunardeildum er í höndum Önnu Bjargar Jónsdóttur (annabjon@landspitali.is) og birtast skema fyrir þær vaktir mánuð í senn og eru settar inn sem flipi í Google Docs vaktaskemaskjalið.

Vaktaskema eru gerð fyrir 2 tímabil

Vikur 36-9 (september til loka febrúar) er unnið í **mars/apríl** og fullgert í byrjun júní. Allar séróskir fyrir það tímabil verða að berast fyrir 1 mars.

Vikur 10-35 (mars til september) er unnið í **september/október** og fullgert í desember. Allar séróskir fyrir það tímabil verða að berast fyrir 1 september.

Reynt er að verða við óskum en ekki er hægt að tryggja að hægt sé að verða við öllum óskum. Öll vaktaskipti á að tilkynna Gerði Helgadóttur. Vaktaskemað sem sýnir skipulagið fyrir hverja viku er á Google Docs og er að finna á slóðinni:

<https://docs.google.com/spreadsheets/d/1VvzpzfckOhvSVnZEelulV0vBb-8l60KHg9YTlyr-bLM/edit?usp=sharing>

Til 31. Ágúst 2019 eru tveir flipar fremst í skjalinu. Flipinn: **Fossvogur Klasi A og B** er fyrir öll teymi í Fossvogi og líknardeild. Námslæknar í klösum A og B sjá sínar vaktir á þessum flipa. Flipinn:

Hringbraut Klasi C og D er fyrir öll teymi á Hringbraut og öldrun. Námslæknar í klösum C og D sjá sínar vaktir á þessum flipa.

Frá og með 1 september 2019 (Vaktaskema vikur 36-9 2019-2020) þá verða allir klasar á einum flipa og skipulag þar fyrir námsvistir námslækna eftir vikum en allar vaktir verða í AmlOn kerfinu (www.amion.com). Lykilorðið fáist þið hjá Gerði, Jóhönnu eða umsjónardeildarlækni.

Klasastjóri er fyrir sérhvern klasa, og starfar skv starfslýsingu. Námslæknar í hverjum klasa bera sameiginlega ábyrgð á að manna vaktir ef upp koma óvænt forföll hjá öðrum í klasanum. Klasarnir hittast á fundum undir stjórn klasastjóra og geta þar námslæknar gert breytingar sín á milli.

Klasastjórar geta fengið yfirlit yfir vaktafjölda námslækna í sínum klasa til að auðvelda sanngjarna skiptingu vakta innan klasans.

Vaktaskema er alltaf birt með fyrirvara um breytingar.

Varðandi staðarvaktarfrí (SVF)

- SVF er fyrirfram skipulagt í tengslum við næturvaktir.
- Öll SVF verður að skrá í AmlOn og biðjum við ykkur því að tilkynna önnur SVF en þau sem tengjast næturvöktum til Jóhönnu og Gerðar sem setja slíkt inní AmlOn og Vinnustundina.
- SVF eftir helgarvaktir er ekki fyrirframskipulagt. Námslæknir ræðir það við sitt teymi/klasa hver dekkar hans störf. Námslæknar eru hvattir til að taka út SVF eftir helgarvaktir ef aðstæður leyfa.
- Önnur SVF eru aðeins veitt í samráði við teymið sem námslæknir er á. Réttast er að hafa samband við yfirlækni á því teymi og fá að vita hvaða sérfræðingur er með teymið þá viku og senda þeim lækni ósk um SVF. SVF er aðeins hægt að veita ef það passar inn í vinnufyrirkomulag deildarinn. Ekki er hægt að reikna með að annar námslæknir geti komið í staðinn fyrir þann námslækni sem er í SVF.
- Það er alfarið á ábyrgð námslæknis að dekkja fjarvistir og séróskir með skiptum innan klasans.

Lengri leyfi (5 dagar eða meira)

- Óskir um slíkt þarf að senda til Ragnhildar Nielsen og Ingu Sifjar Ólafsdóttur með góðum fyrirvara.
- Reynt er að verða við slíkum óskum sé þess nokkur kostur.

Reglur við veikindaförföll

- Veikindaförföll skulu tilkynnast á þrjá staði:
 - a. Gerðar Helgadóttur á virkum dögum 8-16 í síma:543-6550 eða 824-5216. Í fjarveru hennar tekur klasastjóri/Ragnhildur Nielsen við veikindatilkynningum á dagvinnutíma.
 - b. Tilkynna á legudeild/teymi fyrir stöðumatsfund
 - c. Láta sérfræðilækni á teymi vita af þinni fjarveru (netpóstur eða símtal)
- Sms-skilaboð og skilaboð á fésbók eru ekki gild aðferð til að tilkynna veikindi.
- Veikindatilkynningar skula berast a.m.k 8 klukkustundum fyrir áætlaða byrjun á vinnutíma, eða eins fljótt og hægt er ef óvænt atvik koma upp.
- Ef boða verður veikindi utan dagvinnutíma skal hringja í deildarlækni í Fossvogi sími 825-9415. Deildarlæknirinn í Fossvogi sér um að hringja út og finna einhvern til að vinna vaktina.
- Ef veikindi eru lengur en vika skal skila vottorði. Ef það eru óvenjutíð styttri veikindi getur LSH farið fram á veikindavottorð.
- Við veikindi á vakt er eðlilegt að bjóðast ávallt til að taka vakt af þeim unglækni sem vinnur veikindavakt í þinn stað. Við biðjum ykkur að virða þessar reglur og minnka það álag sem fylgir því að þurfa að fá einhvern á vaktir með stuttum fyrirvara. Það er allra hagur.

Ráðstefnur og námsleyfi

- Senda þarf ósk um ráðstefnuferð á framhaldsmenntunarstjóra. Ef ráðstefnan er samþykkt og slíkt gengur upp hvað skemalagningu varðar þá sendir námslæknir ósk um námsferð í vinnustundinni.

- Reynt er að verða við slíkum óskum sé þess nokkur kostur en almennt gildir: Fyrstur kemur fyrstur fær. Hámark er á hve margir geta farið á sama tíma.
- Námslæknar eru hvattir til að óska eftir námsleyfi með eins góðum fyrirvara og hægt er.
- Námsferðir vegna undirbúnings fyrir MRCP próf hafa forgang umfram aðrar ráðstefnur.